

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 2005-2018, Naustahverfi.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 5. maí 2008 staðfest breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 2005-2018 frá 15. desember 2006.

Breytingin felst í því að opið svæði til sérstakra nota (3.21.7 O) minnkar úr 9,8 ha í 7,3 ha. Norðan þess svæðis er gert ráð fyrir nýju 2 ha svæði fyrir verslun og þjónustu. Jaðar meðfram Miðhúsabraut verður óbyggt svæði. Íbúðarsvæði (3.21.1 Íb) stækkar úr 41,5 ha í 42 ha og vestur- og norðurmörk þess breytast.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun yfirfarið erindið og sent ráðherra til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 5. maí 2008.*

F. h. r.

**Magnús Jóhannesson.**

\_\_\_\_\_  
*Logi Kjartansson.*

\_\_\_\_\_  
B-deild – Útgáfud.: 20. maí 2008